



## SAMGÖNGUSAMNINGUR

Vinnuveitandi	Lögheimili:	Kennitala
Reykjavíkurborg	Ráðhús Reykjavíkur, Tjarnargötu 11	530269-7609
Skipulagseining		Kostnaðarstaður (og verkefni ef við á)
Nafn starfsmanns		Kennitala

### 1. gr.

Við undirritun þessa samnings gengst starfsmaður undir það að ferðast ekki með einkabíl eða vélknúnu farartæki til og frá vinnu og notast heldur við vistvænan samgöngumáta, að jafnaði fjórum til fimm sinnum í viku miðað við 100% starf (eða í a.m.k. 80% tilvika á viku).<sup>1</sup> Með vistvænum samgöngum er átt við allan ferðamáta annan en að ferðast með einkabíl eða vélknúnum farartækjum, svo sem að ganga, hjóla eða almenningsamgöngur.

### 2. gr.

Starfsmenn í 50-100% starfshlutfalli fá fullan styrk að fjárhæð kr. 6.000 á mánuði. Starfsmenn í starfshlutfalli fram að 50% fá helming þeirrar fjárhæðar, eða kr. 3.000 á mánuði. Lækki eða hækki starfshlutfall starfsmanns innan þeirra marka þá breytist fjárhæð samgöngustyrks í samræmi við það. Styrkurinn er undanþeginn staðgreiðslu, sbr. 1. tölul. 7. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003.

### 3. gr.

Samningur þessi gildir í  6 eða  12 mánuði frá \_\_\_\_\_ og er uppsegjanlegur af beggja hálfu án fyrirvara. Láti starfsmaður af störfum eða skipti um starf, fellur samningurinn sjálfkrafa úr gildi. Starfsmaður ber ábyrgð á því að óska eftir endurnýjun samningsins áður en að gildandi samningur rennur út.

### 4. gr.

Samgöngustyrkur til starfsmanna sem eru frá starfi vegna fæðingar- og foreldraorlofs, eða annars konar langtíma launalauss leyfis, fellur niður sem fjarveru nemur.

### 5. gr.

Starfsmaður sem nýtir almenningsamgöngur Strætó bs. vegna ferða til og frá vinnu, í samræmi við 1. gr. þessa samnings, á ennfremur kost á því að sækja um samgöngukort Strætó. Samgöngukortin gilda í 12 mánuði en eru á verði 9 mánaða korts. Starfsmaður sækir um samgöngukortið á vefsvæði Strætó bs.

Undirritaður starfsmaður hyggst sækja um samgöngukort frá Strætó bs. og samþykkir að Reykjavíkurborg láti Strætó bs. í té upplýsingar um nafn og kennitölu við vinnslu umsóknarinnar hjá Strætó bs.

Reykjavík,

Undirskrift yfirmanns

Undirskrift starfsmanns

<sup>1</sup> Þeir starfsmenn sem vinna utan þess tíma sem almenningsamgöngur eru í boði skuldbinda sig til þess að nota nefndar samgöngur í a.m.k. 80% þeirra ferða sem farnar eru á þeim tíma sem almenningsamgöngur eru í boði.

**Samningur skal gerður í þríriti, eitt eintak til sviðs/stofnunar, eitt til kjaradeildar og það þriðja til starfsmanns.**